

### Gengisstyrking

Á árunum 2002 til 2005 styrktist gengi krónunnar eins og sjá má í töflu 1. Viðskipti Seðlabankans voru heldur minni í fyrra en árið áður og hann keypti eingöngu gjaldeyri fyrir ríkissjóð. Framan af síðasta ári keypti Seðlabankinn 2,5 milljónir Bandaríkjadala einu sinni í viku. Í maí keypti bankinn aukalega 100 milljónir Bandaríkjadala í fimm jöfnum áföngum. Í september jók bankinn regluleg kaup í 2,5 milljónir Bandaríkjadala á dag út árið.

Á árinu 2005 var vísitalan skráð lægst þann 4. nóvember 100,5898 stig sem er lægsta gildi síðan 1992. Hæst var vísitalan skráð á árinu hinn 13. maí 116,8131 stig.

Í desember hækkuðu viðskiptavakarnir á gjaldeyrismarkaði einhliða viðmiðunarfjárhæð sína í viðskiptum úr 2,5 milljónum Bandaríkjadala í 3 milljónir Bandaríkjadala.

### Velta og gengisflökt

Velta á gjaldeyrismarkaði á árinu 2005 var 2.077 ma.kr., hafði vaxið um 1.129 ma.kr. frá árinu á undan og var 859 ma.kr. meiri en árið 2001 sem var fyrra metár. Veltan á gjaldeyrismarkaði jókst mikið frá ágúst og til ársloka samhliða útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum erlendis.

Í töflu 2 er sýnt staðalfrávik daglegra breytinga erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskrum krónu síðustu fjögur árin. Daglegt gengisflökt mælt með staðalfrávikum daglegra breytinga jókst töluvert frá 2004 til 2005. Á tímabilinu frá 25. ágúst til 30. desember, þ.e. eftir að útgáfa skuldabréfa í íslenskum krónum erlendis hófst, var flöktið á gengi krónunnar gagnvart evru meira en á árinu í heild en minna gagnvart Bandaríkjadala.

Tafla 1. Yfirlit millibankamarkaðar með gjaldeyri 2002-2005

	Velta (m.kr.)	Velta Sí (m.kr.)	Meðalvelta á dag (m.kr.)	Gengisvísitala				
				Í lok árs	Breyting yfir ár (%)	Styrking/ veiking (%)	Gengi evru í lok árs	Gengi Banda- ríkjadals í lok árs
2002	834.444	4.528	3.378	124,8994	-11,92	13,53	84,71	80,77
2003	1.185.566	43.208	4.781	123,4179	-1,19	1,20	89,76	71,16
2004	948.249	27.228	3.763	113,0158	-8,43	9,20	83,51	61,19
2005	2.077.467	24.648	8.310	104,9002	-7,18	7,74	74,70	63,13

Tafla 2. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga gagnvart krónu

	Gengisvísitala	Evra	Bandaríkjadalur
2002	0,46	0,54	0,56
2003	0,50	0,56	0,69
2004	0,35	0,39	0,58
2005	0,57	0,58	0,73
2005 <sup>1</sup>	0,60	0,64	0,71


1. Frá 25. ágúst til 30. desember.

## Rammagrein 1

### Yfirlit gjaldeyrismarkaðar 2005

Mynd 1

Mánaðarleg velta á gjaldeyrismarkaði 2005




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

Vísitala gengisskráningar 2005

Daglegar tölur 4. janúar - 30. desember 2005



Heimild: Seðlabanki Íslands.